

15. fundur Breiðafjarðarnefndar haldinn 29. júní 1999 kl. 13:00 í Umhverfisráðuneytinu.

Mættir: Sigmundur Einarsson, Árni Björnsson, Þórólfur Halldórsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Sigurður Þórólfsson og Ævar Petersen. Friðjón Þórðarson var forfallaður til kl 15:00, Jóhannes Gíslason boðaði forföll, Rúnar Gíslason barst ekki fundarboð. Sigmundur Einarsson stýrði fyrri hluta fundar í forföllum Friðjóns Þórðarsonar.

1. Tilmæli til Vegagerðarinnar

ÞH lagði fram tillögu um að þeim tilmælum yrði beint til Vegagerðarinnar að hefja nú þegar undirbúning að mati á umhverfisáhrifum vegna vegagerðar á Vestfjarðavegi nr. 60 frá Bjarkalundi í Reykhólahreppi í Vatnsfjörð í Vesturbyggð. Tillagan var samþykkt með smávægilegum breytingum. Þórólfi var falið að endurbæta ályktun fundarins og senda ritara sem semur drög að bréfi til Vegagerðarinnar.

2. Verndaráætlun

Haldið var áfram yfirferð 3. hluta verndaráætlunar þars sem frá var horfið á síðasta fundi. Nefndarmenn voru beðnir um að koma athugasemdum og leiðréttingum vegna 3. kafla til Guðríðar.

3. Sumarhús í Breiðafjarðareyjum

Nefndinni hefur borist erindi frá sveitarstjóra og byggingarfulltrúa í Dalabyggð þar sem óskað er umsagnar Breiðafjarðarnefndar um tvær húsbyggingar, frístundahús í Axarey í Arnarbælislandi og starfsmannahús í Emburhöfða úti fyrir Arnarbælislandi.

Ekkert erindi hefur borist vegna sumarhúss sem risið er í Grímsey.

Málið var rætt og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki yrði lagst gegn þessum umsóknum né heldur húsinu í Grímsey. Nefndin muni á næstunni vinna að stefnumótun varðandi byggingu frístundahúsa í Breiðafjarðareyjum og því verður ekki hægt að líta á þessar leyfisveitingar sem fordæmi gagnvart leyfisveitingum í framtíðinni. Ritara var falið að setja upp svarbréf til Dalabyggðar á þessum nótum. Afrit af bréfinu þarf að fara til annarra byggingarfulltrúa verndarsvæði Breiðafjarðar.

Þórólfur tók að sér að leggja fyrstu drög að stefnumótun nefndarinnar í þessu máli fyrir næsta fund.

4. Vatnsveita í Flatey

Nefndarmenn beðnir að fara yfir verndaráætlunina og koma ábendingum ef einhverjar væru til Guðríðar. Sigmundur og Guðríður tóku að sér að lesa yfir áætlunina fyrir 15. september nk. Í framhaldi af því yrði verndaráætlunin send út til sveitarstjórna til umsagnar og yfirlstrar og þeim gefinn tímafrestur til 1. nóvember nk. Talið rétt að senda Íslenskri málstöð handritið til yfirlstrar eins og það stendur nú en koma breytingum ef verð til þeirra síðar.

5. Eldri erindi

Ævar nefndi nokkur eldri erindi sem þyrfti að fylgja eftir, t.d. friðlýsingu Stagleyjar og selamál til Hringormanefndar.

Fundi slitið kl 18:00.